

Kirkjugarður í hlíðum Úlfarsfells, landmótun Álit um mat á umhverfisáhrifum

1 INNGANGUR

1.1 Athugun Skipulagsstofnunar

Þann 5. febrúar 2018 lagði Reykjavíkurborg fram frummatsskýrslu um landmótun vegna kirkjugarðs í hlíðum Úlfarsfells, í Reykjavík, til athugunar hjá Skipulagsstofnun, samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdin og frummatsskýrslan voru auglýst opinberlega þann 14. febrúar 2018 í Lögbirtingablaðinu, Fréttablaðinu og Morgunblaðinu. Frummatsskýrsla lá frammi til kynningar frá 14. febrúar til 3. apríl 2018 í þjóðarbókhlöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan var einnig aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar. Þann 26. mars 2018 hélt Reykjavíkurborg kynningarfund í Dalskóla um framkvæmdina og mat á umhverfisáhrifum hennar.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar Reykjavíkurborgar, Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, Landsnets, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

Þann 9. apríl 2018 lagði Reykjavíkurborg fram matsskýrslu og óskaði eftir álíti Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Skipulagsstofnun staðfesti móttöku matsskýrlunnar með bréfi dags. 26. apríl 2018.

1.2 Gögn lögð fram

Frummatsskýrsla: Landmótun fyrir kirkjugarð í Reykjavík í hlíðum Úlfarsfells. Frummatsskýrsla. VSÓ ráðgjöf, janúar 2018.

Viðaukar við frummatsskýrslu:

- Fornleifaskráning Fornleifastofnunar vegna tillögu að matsáætlun á landmótun fyrir kirkjugarð í hlíðum Úlfarsfells, Reykjavík.
- Minnisblað Náttúrufræðistofnunar Íslands. Gróðurfarskönnun á haugsetningarsvæði Kirkjugarðs við Úlfarsfell.
- Minnisblað Náttúrufræðistofnunar Íslands. Mat á gögnum vegna matsáætlunar og mats á umhverfisáhrifum haugsetningar í vesturhlíðum Úlfarsfells.
- Minnisblað Veðurvaktarinnar.
- Minnisblað VSÓ Ráðgjafar. Haugsetning Úlfarsfell – Hljóðvistarreikningar ásamt kortum.
- Umsagnir sem bárust á kynningartíma frummatsskýrslu.

Umsagnir um frummatsskýrslu bárust frá:

- Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur með bréfi dags. 1. mars 2018.
- Landsneti með bréfi dags. 9. mars 2018.
- Minjastofnun með bréfi dags. 7. mars 2018.
- Náttúrufræðistofnun með bréfi dags. 2. mars 2018.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 14. mars 2018.

Athugasemdir: Engar athugasemdir bárust á kynningartíma frummatsskýrslu.



Matsskýrsla: Landmótun fyrir kirkjugarð í Reykjavík í hlíðum Úlfarsfells. Matsskýrsla. VSÓ ráðgjöf, apríl 2018.

2 FRAMKVÆMD OG MARKMIÐ

2.1 Valkostur Reykjavíkurborgar

Í framlagðri matsskýrslu kemur fram að nauðsynlegt sé að móta land og bæta við jarðvegi á afmörkuðu svæði svo það uppfylli skilyrði til greftrunar í fyrirhuguðum kirkjugarði í hlíðum Úlfarsfells. Landmótun kirkjugarðsins feli í sér haugsetningu 610.000 m^3 af jarðvegi á um 20 hektara lands. Áður hafi verið unnin matsskyldufyrirspurn fyrir tímabundinn aðkomuveg að svæðinu og haugsetningu á allt að 40.000 m^3 og hafi sú framkvæmd ekki verið talin matsskyld. Í framlagðri matsskýrslu sé fjallað um 570.000 m^3 haugsetningu og landmótun. Framkvæmdaraðili reikni með að meginhluti þess jarðvegs sem haugsettur verði komi af uppbyggingarsvæðum í borginni.

Fram kemur að fyrirhugað framkvæmdasvæði sé undir vesturhlíð Úlfarsfells á stalli neðarlega í hlíðum fellsins. Útmörk svæðisins að norðanverðu séu við sveitarfélagamörk Reykjavíkur og Mosfellsbæjar, að austanverðu hlíðar fjallsins, að vestanverðu Vesturlandsvegur og sunnan við svæðið sé atvinnusvæðið Hallar. Hæð framkvæmdasvæðisins sé $85 - 110 \text{ m}$ yfir sjó.

Fram kemur að halli á svæðinu sé 3-4 % um miðbikið en 10-15 % nær hlíðum fellsins. Til að hægt sé að nýta svæðið sem grafartækt land megi halli ekki vera meiri en 4-5 % og því sé nauðsynlegt að útbúa stalla í landinu þar sem það sé brattast. Dýpi á klöpp sé allt að 1 m og nauðsynlegt sé að bæta jarðvegslagi jafnt yfir svæðið sem verði um 3 m að þykkt á stærstum hluta svæðisins en geti orðið allt að 5 m þykkt.

Fram kemur að gert sé ráð fyrir að rekstur kirkjugarðsins hefjist að 7-10 árum liðnum. Innviðir hans felist m.a. í malbikuðum aðalgötum, grafarstígum úr möl, drenlögnum, aðstöðuhúsum og veitukerfum. Landlagshönnun garðsins sé lokið en hönnun framangreindra innviða sé ekki hafin. Í fullbyggðum garði verði lausnir sem líki eftir náttúrulegu vatnsrennsli.

Í matsskýrslu Reykjavíkurborgar kemur fram að markmið framkvæmdarinnar sé að viðhalda framboði á grafarstöðum á höfuðborgarsvæðinu.

2.2 Aðrir valkostir

Í matsskýrslu kemur fram að í aðalskipulagsbreytingu hafi verið bornir saman valkostir fyrir staðsetningu kirkjugarðs í Úlfarsfelli og Geldinganesi. Niðurstaðan hafi verið sú að staðsetning í Úlfarsfelli henti betur varðandi kostnað, tengsl við þéttbýli og útvist, landnotkun og umhverfisáhrif. Því er aðeins fjallað um einn valkost í matsskýrslunni sem er landmótun kirkjugarðs í Úlfarsfelli.

3 MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

3.1 Gróðurfar

Mat Reykjavíkurborgar

Í matsskýrslu framkvæmdaraðila kemur fram að á framkvæmdasvæðinu hafi hvorki fundist sjaldgæfar háplöntur á lands- eða héraðsvísu né plöntur á válista. Svæðið sé lýsandi fyrir gróður á opnum svæðum innan marka höfuðborgarsvæðisins, nokkuð raskað með gisnum beitilyngsmóa, mosabembu og vallendistorfum. Um 6,5 hektara skógræktarsvæði Skógræktarfélags Mosfellsbæjar, sem sé hluti af útvistarsvæðinu Græna treflinum, nái inn fyrir sveitarfélagamörkin og inn á framkvæmdasvæðið. Þar sé aðallega um að ræða furu og birki en víða á svæðinu séu ungar



trjáplöntur sem virðist hafa sáð sér út frá skógræktinni og á stöku stað gróðursettir trjálundir. Nokkuð sé um lítt eða ógróna mela og alaskalúpínu.

Í matsskýrslu kemur fram að nánast allur gróður á framkvæmdasvæðinu fari undir jarðveg. Þar af megi búast við að séu um 16 þúsund trjáplöntur. Framkvæmdirnar muni því hafa talsvert neikvæð áhrif á skógrækt og séu til langs tíma. Áhrif á gróður séu að öðru leyti óveruleg þar sem framkvæmdir muni ekki breyta einkennum gróðurfars í Úlfarsfelli. Plöntur og gróðurfélög á framkvæmdasvæðinu séu ekki sjaldgæf eða hafi hátt verndargildi. Með mótvægisáðgerðum megi draga úr áhrifunum, gróðurlendi næst hlíðum fellsins verði haldið ósnortnu og þegar haugsetningu ljúki verði svæðið grætt upp og trjáraekt á samsvarandi svæði og því sem fari undir framkvæmdir. Unnið verði í samræmi við ákvæði deiliskipulags og í samráði við Skógræktina samkvæmt lögum um skógrækt. Með mótvægisáðgerðum meti framkvæmdaraðili áhrif framkvæmda óveruleg á gróðurfar svæðisins.

Niðurstaða

Skipulagsstofnun telur ekki líklegt að framkvæmdir muni hafa langvarandi neikvæð áhrif á gróðurfar svæðisins að teknu tilliti til áformaðra mótvægisáðgerða. Eins og kemur fram í matsskýrslu einkennist gróðurlendið af lítt eða ógrónum melum, alaskalúpínu og skógrækt en þar hafa hvorki fundist sjaldgæfar háplöntur né plöntur á válista. Skógræktarsvæði Mosfellsbæjar sem er hluti af Græna treflinum verður fyrir neikvæðum áhrifum en uppgræðsla til mótvægis er fyrirhuguð í samráði við Skógræktina og gróðurlendi í hlíðum Úlfarsfells verður haldið að mestu ósnortnu. Reiknað er með því að skipta stærstu svæðum kirkjugarðsins í minni einingar með gróðri og samtals munu uppgrædd skjólbelti þekja um 9000 m².

3.2 Fuglar

Mat Reykjavíkurborgar

Í matsskýrslu framkvæmdaraðila kemur fram að mófuglar séu ríkjandi varpfuglar á svæðinu, heiðlöa, spói og þufutittlingur séu algengastir en aðrir mófuglar séu rjúpa, sandlöa, hrossagaukur, stelkur og skógarþrostur. Steindepill og snjótittlingur verpi í urðum í hlíðum Úlfarsfells. Aðrir gestir séu hrafnar, auk þess sem smyrlar og auðnutittlingar hafi sést að vetrarlagi. Að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands hafi ekki verið þörf á frekari rannsóknum á fuglalífi á svæðinu fyrir mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Í matsskýrslu kemur fram að fyrirhugað framkvæmdasvæði sé hvorki sérstætt né frábrugðið víðfeðmum holtum og móum sem mikið sé af í nágrenni Reykjavíkur. Eftir að framkvæmd ljúki verði svæðið grætt upp og þá ættu aftur að skapast búsvæði fyrir fugla. Framkvæmdaraðili meti áhrif á fugla óverulega neikvæð þar sem þau séu tímabundin og staðbundin og muni lítið breyta einkennum fuglalífs á svæðinu. Hlutfallsleg skerðing búsvæða sé lítil í samanburði við aðra áhrifaþætti t.d. útbenslu byggðar í nágrenninu.

Niðurstaða

Áhrif á fuglalíf munu verða neikvæð á svæðinu, sérstaklega á meðan á framkvæmdum stendur vegna ónæðis auk þess sem um verður að ræða búsvæðaskerðingu, en áhrifin eru staðbundin. Að teknu tilliti til fyrirhugaðra mótvægisáðgerða við uppgræðslu svæðisins, sem eru til þess fallnar að skapa ný búsvæði fyrir fugla, telur Skipulagsstofnun að búast megi við að neikvæð áhrif á fuglalíf verði ekki veruleg.



3.3 Vatnafar

Mat Reykjavíkurborgar

Í matsskýrslu framkvæmdaraðila kemur fram að innan marka framkvæmdasvæðisins séu hvorki vatnsverndarsvæði né vötn sem njóti sérstakrar verndar. Úlfarsá, sem renni í 500-1000 m fjarlægð suður af framkvæmdasvæðinu sé á Náttúruminjaskrá. Samkvæmt vatnafarskorti sé Úlfarsfell og svæðið í kring skilgreint sem þétt berg, sem sé að hluta til gegndræpt. Grunnvatn á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði sé um 20 m undir yfirborði. Á svæðinu hvíli 0-1,5 m þykkur jarðvegur á setlögum og klöpp. Lekt sé góð þ.a. úrkoma hverfi jafnharðan í jörð, ekki finnist lækir eða pollar á yfirborði og ekkert yfirborðsafrænnslu sé.

Í matsskýrslu kemur fram að helsti áhrifabáttur sé haugsetningin og mögulegt gruggugt afrennsli í aftakaúrkomu. Landmótunarefnið sé jarðvegur með svipaða lekt og sá sem fyrir sé. Dregið verði úr hættu á að gruggugt ofanvatn og jarðvegur skolist út af svæðinu með mótvægisáðgerðum en í fullbyggðum kirkjugarði verði blágrænar ofanvatnslausnir sem líkja muni eftir náttúrulegu ferli vatns auk þess sem gerð ofanvatnsrása og / eða fyrirstaðna muni tefja fyrir framrás og skapa svigrúm fyrir sig vatns í jarðveg. Regnvatn sem ekki skili sér niður í jarðveginn verði leitt í ofanvatnskerfi. Drenagnir séu lagðar til þess að tekna grafir fyllist ekki af vatni. Framkvæmdaraðili geri ráð fyrir að númerandi aðstæður m.t.t. vatnafars breytist lítið og framkvæmdir muni því hafa óveruleg neikvæð áhrif á vatnafar svæðisins.

Niðurstaða

Við gerð deiliskipulags var bent á að aukin hætta kynni að vera á skriðum eða vatnsflóðum þar sem tiltölulega þykki fyllingu verði komið fyrir í hallandi landi og eins og kemur fram í matsskýrslu er möguleg hætta á gruggugu afrennsli í aftakaúrkomum. Framkvæmdaraðili áformar að koma fyrir ofanvatnslausnum, fyrirstöðum og drenlögnum til að lágmarka áhættu á jarðvegsskriðum og gruggugu afrennsli og telur Skipulagsstofnun að framkvæmdir muni ekki hafa neikvæð áhrif á vatnafar svæðisins að teknu tilliti til þessara mótvægisáðgerða.

3.4 Loftgæði

Mat Reykjavíkurborgar

Í matsskýrslu framkvæmdaraðila kemur fram að veðurfræðingur hafi kannað mögulegt fok af fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Veðurstöð hafi verið sett upp á svæðinu, mælingar hafist 16. febrúar 2017 og standi enn yfir í apríl 2018. Mat hafi verið lagt á vindafar á svæðinu með samanburði við nálæga veðurstöð í Geldinganesi. Niðurstöður sýni að ASA átt sé tíðust, meðalvindhraði mestur í SSA-átt, en gera megi gera ráð fyrir að í VNV og NNV-áttum sé jörð oftast þurr.

Í matsskýrslu kemur fram að áætlaðar mótvægisáðgerðir gegn foki fínefna séu að sá í jarðveginn í lok hvers verkáfanga og eftir að framkvæmdum ljúki verði svæðið grætt upp samkvæmt ákvæðum deiliskipulags. Búast megi við að mold geti borist með bílum frá vinnusvæðum. Hreinsigrindur og / eða þvottastöðvar verði bæði á framkvæmda- og uppbyggingarsvæðum til að koma í veg fyrir að umferð stórra vörubíla og annarra tækja dreifi mold og ryki. Framkvæmdir við kirkjugarðinn geti haft talsvert neikvæð áhrif á loftgæði á framkvæmdatíma, vegna sandfoks yfir byggð, einkum norður fyrir Vesturlandsveg og við ákveðin veðurskilyrði í átt að Staðarhverfi. Mótvægisáðgerðir muni draga úr neikvæðum áhrifum. Áhrifin séu svæðisbundin og nái til nokkurs fjölda fólks en séu tímabundin og að öllu eða nokkru leyti afturkræf.



Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur segir að uppgræðsla ein og sér sé ekki nægjanleg sem mótvægisáðgerð. Nauðsynlegt gæti reynst að vökva athafnasvæðið til að koma í veg fyrir fok og gera ætti ráð fyrir þeirri mótvægisáðgerð í matsskýrslu.

Í svari Reykjavíkurborgar kemur fram að vöktun verði á foki fínefna á framkvæmdasvæðinu og það verði vökvað eftir þörfum.

Niðurstaða

Skipulagsstofnun telur að framkvæmdir geti valdið sandfoki og moldroki sem gæti haft í för með sér tímabundin óþægindi fyrir íbúa í Úlfarsárdal í þurrum norðvestlægum áttum. Til þess að draga úr hættu á foki áformar Reykjavíkurborg að setja upp hreinsigrindur og / eða þvottastöðvar á framkvæmda- og uppbyggingarsvæðum, sá í framkvæmdasvæðið í lok hvers verkáfanga, vakta fok fínefna og vökva eftir þörfum.

3.5 Hljóðvist

Mat Reykjavíkurborgar

Í matsskýrslu framkvæmdaraðila kemur fram að áhrif framkvæmda á hljóðvist á svæðinu hafi verið reiknuð. Umferð ökutækja á Vesturlandsvegi sé aðalhljóðgjafinn á svæðinu en hún hafi þó hvorki áhrif á hljóðvist íbúabyggðar í Úlfarsárdal né á útvistarsvæði neðan Úlfarsfells. Í matsskýrslunni er reiknuð hljóðvist í námunda við framkvæmdasvæðið á meðan framkvæmdir standi yfir.

Í matsskýrslu kemur fram að helstu áhrif á hljóðvist séu hávaði frá vinnuvélum og umferð þungaflutningabíla. Umferð á nýjum aðkomuvegi á framkvæmdatíma og umferð þungra bíla á Lambhagavegi og Úlfarsfellsvegi hafi verið áætluð miðað við fyrirliggjandi gögn og verði aukning hennar óveruleg. Á framkvæmdasvæðinu sé gert ráð fyrir að beltagrafa og jarðýta verði í notkun samtímis. Áhrif á hljóðvist á framkvæmdasvæði og aðkomuvegi séu staðbundin. Framkvæmdin sé hvorki talin valda ónæði í íbúabyggð Úlfarsárdals né á útvistarsvæði í Úlfarsfelli. Áhrifin séu tímabundin og afturkræf að nokkru eða öllu leyti og séu metin óverulega neikvæð.

Niðurstaða

Skipulagsstofnun telur að áhrif á hljóðvist verði óverulega neikvæð þar sem íbúabyggð Úlfarsárdals og útvistarsvæði í Úlfarsfelli eru utan áhrifasvæðis framkvæmda. Hávaði á framkvæmdasvæðinu og aðkomuvegi, vegna umferðar vinnuvéla og þungaflutningabíla, verður yfir mörkum reglugerðar um hljóðstig á útvistarsvæðum, en þau eru staðbundin á framkvæmdatíma og munu ekki hafa áhrif á marga.

3.6 Menningarmínjar

Mat Reykjavíkurborgar

Í matsskýrslu framkvæmdaraðila kemur fram að fornleifafræðingur hafi kannað fyrirhugað framkvæmdasvæði og vegstæði aðkomuvegar. Niðurstöður séu þær að einu minjarnar séu ungar húsgrunnur sumarbústaðs og tilheyrandi garður og steypt mannvirkni sunnarlega á svæðinu. Aðrar minjar séu u.p.b. 200 m fyrir utan framkvæmdasvæðið og þar af einar minjar sem hafi hátt minjas- og varðveisslugildi.

Fram kemur að menningarmínjarnar sem raskað verði hafi lágt varðveisslugildi og minjar utan framkvæmdasvæðis séu ekki taldar í hættu vegna framkvæmda. Varast beri að nýta svæði í kringum fornleifar sem geymslustaði eða brautir fyrir vélar og tæki, eða efnisgeymslur af hverju tagi nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.



Niðurstaða

Skipulagsstofnun telur að áhrif á menningarminjar verði óverulega neikvæð. Húsgrunnur og tilheyrandi mannvirkjaleifar sem munu raskast hafa lágt varðveislugildi og Reykjavíkurborg hefur lýst því yfir að við framkvæmdir verði varast að nýta svæði í kringum minjar utan framkvæmdasvæðisins.

3.7 Landnotkun

Mat Reykjavíkurborgar

Í matsskýrslu framkvæmdaraðila kemur fram að austan við framkvæmdasvæðið liggi 132 kV háspennulína Landsnets, Korpulína 1, sem fari þvert yfir svæðið til vesturs í tengivirki við hliðina á Korputorgi. Gert sé ráð fyrir að hliðra Korpulínu 1 suður fyrir kirkjugarðinn og í samráði við Landsnet hafi verið ákveðið að leggja línuna í jörðu. Fram kemur að nærliggjandi útvistarsvæði í Úlfarsárdal sé innar í landi en framkvæmdasvæðið og liggi hærra. Nokkrar vinsælar gönguleiðir séu á fellið. Á svæðinu sé einnig nokkuð um ómerkta gönguslóða sem sumir nái inn á framkvæmdasvæðið. Meðfram austurhlið kirkjugarðsins liggi Græni trefillinn í hlíð Úlfarsfells en þar sé gert ráð fyrir útvistarstíg sem muni bæði nýtast gestum kirkjugarðsins og útvistarfólki. Fram kemur að útvistargildi svæðisins muni breytast en það sem helst muni hafa áhrif sé staðbundið ónæði á framkvæmdatíma, ásýndarbreytingar og rask á ómerktum gönguslóðum. Gert sé ráð fyrir að göngustígur í og við garðinn muni tengjast stígakerfi útvistarsvæða sem muni efla útvistarmöguleika á svæðinu. Framkvæmdin sé talin hafa óveruleg til talsvert neikvæð áhrif á útvistarsvæðið en áhrifin séu bæði staðbundin og tímabundin. Fullbúinn kirkjugarður muni líklega falla að Græna treflinum. Framkvæmdaraðili metur áhrif á landnotkun óverulega neikvæð þar sem breytingar teljist litlar.

Í umsögn Landsnets kemur fram að staðsetningu Korpulínu 1 hafi verið samþykkt óformlega og Landsnet eigi í viðræðum við Reykjavíkurborg m.a. um nánari útfærslu og kostnaðarskiptingu. Landsnet bendir á að áður en hægt sé að sækja um framkvæmdaleyfi vegna breytingu á Korpulínu 1 þurfi leyfi Orkustofnunar að liggja fyrir eða samþykkt stofnunarinnar á framkvæmdaáætlun kerfisáætlunar.

Niðurstaða

Skipulagsstofnun telur að framkvæmdir muni hafa nokkur neikvæð áhrif á landnotkun á nærliggjandi útvistarsvæðum s.s. Úlfarsfelli vegna ónæðis á framkvæmdatíma, en óveruleg til lengri tíma litið, og með góðri hönnun og frágangi sé líklegt að fullbúinn kirkjugarður muni falla vel að útvistarsvæðum í nágrenninu. Meginútvistarsvæðið er utan framkvæmdasvæðisins, ofar og innar í dalnum. Eins og kemur fram í matsskýrslu og deiliskipulagi mun útvistargildi svæðisins breytast þar sem gert er ráð fyrir að hluti stígakerfis kirkjugarðsins muni tengjast stígakerfi sveitarfélaganna. Sérstaklega verður hugað að skjólmyndun með gróðri inni í garðinum.

3.8 Samgöngur

Mat Reykjavíkurborgar

Í matsskýrslu framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdinni fylgi akstur á jarðefni um götur Reykjavíkurborgar frá uppbyggingarsvæðum, sem séu m.a. í Vatnsmýri, á Valssvæði og í Mjódd.

Í matsskýrslu kemur fram að umferð þungra bíla sem flytja muni efni frá uppbyggingarsvæðum að framkvæmdasvæði muni aukast á meðan á framkvæmdum standi. Búast megi við að helstu breytingar verði á Úlfarsfellsvegi og Lambhagavegi. Í báðum tilfellum muni ársdagsumferð (ÁDU) aukast um 200 bíla. Á Úlfarsfellsvegi muni hlutfall þungra bíla aukast úr 7% í 9% af heildarumferð, á Lambhagavegi sem sé einstefnugata muni það fara í 14% en austan við hringtorgið í 10%.



Framkvæmdir geti haft áhrif á samgöngur en þau séu metin óverulega neikvæð þar sem breytingar séu litlar og ekki taldar hafa varanleg áhrif.

Niðurstaða

Skipulagsstofnun telur að aukin umferð um Úlfarsfellsveg og Lambhagaveg á framkvæmdatíma muni valda nokkuð neikvæðum staðbundnum áhrifum á samgöngur en ekki hafa áhrif á marga. Áhrif á umferð þangað frá uppbyggingarsvæðum víðsvegar í borginni verði hins vegar óveruleg.

3.9 Landslag

Mat Reykjavíkurborgar

Í matsskýrslu kemur fram að Úlfarsfell sé 296 m hátt. Úr suðri og vestri sé fellið nokkuð ávalt en norðar verði útlínur þess skarpari, fjallsbrúnin þverhníptari og klettabelti verði áberandi í hlíðum þess. Á framkvæmdasvæðinu séu línur fellsins að mestu ávalar og aflíðandi við rætur brattra hlíða. Það sé byggt upp af tveggja milljón ára gömlum hraunum, móbergs- og jökulbergslögum. Klettaranar gangi inn á lóð kirkjugarðsins úr norðri og vestri. Frá framkvæmdasvæðinu sé útsýni til vesturs og suðurs, góð yfirsýn yfir Grafarvog, Geldinganes og út á haf. Útsýnið gefi svæðinu gildi auk þess sem það bjóði upp á náttúrulegt umhverfi nálægt byggð.

Fram kemur að lóð kirkjugarðsins sé 23 hektarar en gert sé ráð fyrir að raskað verði um 20 hekturum. Haugsetning og landmótun muni breyta landslagi og ásýnd svæðisins. Land muni hækka innan framkvæmdasvæðisins en fylgja landslagi að öðru leyti. Breyting ásýndar verði mest frá gönguleiðum upp á fellið en frá Vesturlandsvegi og byggð séu áhrifin talsvert minni. Breytingarnar séu til langs tíma, að nokkru óafturkræfar og séu áhrifin því metin talsvert neikvæð. Til mótvægis sé ráðgert að náttúrulegt útlit kletta næst hlíðum Úlfarsfells fái að halda sér að mestu leyti þar sem þeir muni ekki fara undir jarðveg. Að haugsetningu lokinni verði landslag mótað og gengið verði þannig frá að skil á milli framkvæmdasvæðis og óraskaðs lands verði óveruleg. Uppgræðsla og vinna við kirkjugarð að framkvæmdum loknum muni milda sjónrænu áhrifin.

Niðurstaða

Skipulagsstofnun telur að framkvæmdir séu líklegar til að hafa nokkuð neikvæð áhrif á landslag þar sem ásýndarbreytingar verða nokkrar á svæðinu en áhrifin verða milduð með mótvægisáðgerðum. Jarðvegsfyllingin sem nær upp í rúmlega 100 m hæð yfir sjó og mótonn hennar að landi mun breyta landslagi framkvæmdasvæðisins. Sjónræn áhrif verða mest frá gönguleiðum upp á Úlfarsfell. Reykjavíkurborg áformar að ganga þannig frá að skil á milli framkvæmdasvæðis og óraskaðs lands verði óveruleg, náttúrulegt útlit kletta fái að halda sér, gróðurlendi vestan göngustígus verði haldið að mestu ósnortnu og svæðið að öðru leyti grætt upp.

4 SKIPULAG OG LEYFI

Í Svæðisskipulagi Höfuðborgarsvæðisins 2015-2040 er ekki mörkuð stefna um kirkjugarða á höfuðborgarsvæðinu en meðal markmiða þess er að Græni trefillinn sé sameiginlegt og samfellt útvistarsvæði við efri jaðar borgarbyggðarinnar. Áhersla er lögð á verndun sérstæðs landslags og lífríkis. Þar er jafnframt tilgreint að kirkjugarðar verði með tíð og tíma friðsælir og gróðurríkir almenningsgarðar og verði hluti af græna vef Höfuðborgarsvæðisins.

Fyrirhugaðar framkvæmdir eru í samræmi við Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 og fyrir liggur samþykkt deiliskipulag.



Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Reykjavíkurborgar samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Einnig starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur samkvæmt reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

5 NIÐURSTAÐA

Í samræmi við 11. gr. laga og 26. gr. reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir matsskýrslu Reykjavíkurborgar sem lögð var fram samkvæmt 10. gr. sömu laga. Skipulagsstofnun telur að matsskýrslan uppfylli skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum og að umhverfisáhrifum hafi verið lýst á fullnægjandi hátt.

Í matsskýrslu Reykjavíkurborgar er kynnt áformuð landmótun kirkjugarðs í Úlfarsfelli. Markmið framkvæmdarinnar er að viðhalda framboði á grafarstöðum á höfuðborgarsvæðinu.

Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæðu áhrif landmótunarinnar felist í varanlegum og óafturkræfum áhrifum á landslag og landnotkun. Að mati Skipulagsstofnunar er landmótun kirkjugarðsins líkleg til að hafa nokkur neikvæð áhrif á útvist vegna þeirra óhjákvæmilegu breytinga sem munu verða á upplifun útvistarfólks af svæðinu, og annarra sem eiga leið þar um, vegna ásýndar- og yfirbragðsbreytinga. Í dag einkennist áhrifasvæðið af lítt eða ógrónum melum, gisnum beitilyngsmóa, mosaþembu, alaskalúpínu og skógrækt en með tilkomu fyrirhugaðs kirkjugarðs mun það fá annað yfirbragð sem mun einkennast af manngerðu umhverfi. Stofnunin undirstrikkar þó mikilvægi mótvægisáðgerða til að milda áhrifin, eins og ráðgert er að gera og fjallað er um í kafla um landslag hér að framan og í matsskýrslu Reykjavíkurborgar, þannig að dregið verði úr sjónrænum áhrifum með því að móta landið að náttúrulegum hlíðum Úlfarsfells. Auk þess verði klettamyndunum og náttúrulegum gróðri hlíft eins og mögulegt er.

Reykjavík, 11. júní 2018


Jakob Guðnarsson


Matthildur B. Stefánsdóttir